



EFNI: Umsögn Háskóla Íslands um verk- og matlýsingu aðalskipulagsbreytinga vegna Borgarlínu

Dags.: 27. maí 2020

---

Háskóli Íslands hefur yfirfarið verk- og matlýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 og Reykjavíkurborgar 2010-2030 sem er í kynningu til 9. júní 2020.

Í kafla 1.2 *Markmið og forsendur breytinga* kemur fram að markmið sé að breyta ferðavenjum innan höfuðborgarsvæðisins, stuðla að orkuskiptum í samgöngum og draga úr kolefnisspori samgangna og byggðapróunar. Þessi markmið eru í samræmi við áherslur í rammaskipulagi sem nú er verið að vinna fyrir Háskóla Íslands og vel til þess fallin til að styðja við þær.

Í kafla 2.1 *Leggja Borgarlínu* er fjallað um tillögu að legu 1. lotu Borgarlínu. Í tilögunni er stoppistöð sýnd á þeim stað þar sem nú er strætisvagnstöð á Hringbraut við Stapa. Í kafla 3.2 *Valkostir* eru sýndar tvær mögulegar stoppistöðvar á Háskólasvæðinu, önnur á Suðurgötu gegnt Háskólatorgi og hin í Vatnsmýrinni við Öskju.

Það er mat Háskóla Íslands að tvær miðlægar stoppistöðvar (við Suðurgötu og Öskju) myndu þjóna háskólasamfélaginu afar vel. Stoppistöð við Suðurgötu nálægt Háskólatorgi, hjarta Háskólasvæðisins, er lykilstaður í framangreindum drögum að nýju rammaskipulagi fyrir Háskólasvæðið. Sú staðsetning myndi þjóna stórum hópi starfsmanna, nemenda, íbúum stúdentagarða og annarri íbúðabyggð vestan Suðurgötu. Stoppistöðin við Öskju er einnig vel staðsett til að þjóna sívaxandi samfélagi á Vísindagarðasvæðinu.

Núverandi stoppistöð (við Hringbraut) er að mati Háskólans ekki ákjósanleg sökum þess að hún er á jaðri Háskólasvæðisins og til þess fallin að mynda umferðarteppu á Hringbraut.

Óskað er eftir og lögð þung áhersla á af hálfu Háskóla Íslands að mögulegir valkostir sem sýndir eru á mynd 3.1 um Háskólasvæðið verði teknir til nánari skoðunar og umfjöllunar í samstarfi við Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,

---

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands